



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um könnun meðal foreldra barna sem boðið er HAM námskeið*


Þann 15. febrúar 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu.

Óskað er eftir að rætt verði við þá foreldra barna með tilfinningavanda sem á að bjóða á HAM námskeið (hugræn atferlismeðferð) þegar námskeiði líkur og þeir spurðir hvort þeir telji námskeiðið hafa gagnast sér til að hjálpa börnum sínum með tilfinninga- og kvíðavandamál sín. Það er áhugavert að fá upplýsingar hvernig Hugræn atferlismeðferð fyrir foreldra nýtist foreldrum barna með tilfinninga- og kvíðavandamál. Þau börn sem hér um ræðir eru eftir því sem best er vitað á biðlista eftir sálfræðingi.

Umsögn

Samkvæmt upplýsingum frá Keðjunni þá fylla foreldrar út matslista GSRS (Grop Setting Rating Scale) í lok námskeiða. Mynd 1 sýnir ánægjuskor foreldra hafa fengið þjónustuna.

Mynd 1: Viðhorfsmæling frá 120 foreldrum.



Ánægja meðferðar er mæld í hverjum meðferðartíma. Foreldrar svara fjórum spurningum á skalanum 0-10 (GSRS listinn). Spurningarnar snúa að mati á meðferðarsambandi, markmiðum, umræðuefni, nálgun og aðferð. Eins og myndin sýnir er ánægjuskorið mjög hátt í öllum tímunum og var alltaf yfir svokölluðum „cut-off“ mörkum¹ sem er 36, sem er ákveðið

¹ Lægsta skor þar sem þátttakandi getur tilheyrt til að teljast gjaldgengur til frekari rýningar eða skoðunar



Reykjavíkurborg

viðmið um gott meðferðarsamband. Út frá þessari niðurstöðu er hægt að álykta að þátttakendur séu ánægðir með úrræðið.

Í Háskólanum í Reykjavík eru tveir nemendur að leggja lokahönd á mastersritgerðir sem fjalla um fýsileika og árangur HAM. Stór hluti rannsóknargagna koma frá Reykjavíkurborg. Ekki er því talin ástæða til að leggja fyrir könnun meðal foreldra en slíkt mætti gera ef rannsóknarniðurstöður gefa vísbendingar um þörf á slíku.